

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Nesjavellir - iðnaðarsvæði og jarðstrengur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. janúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. ágúst 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Iðnaðarsvæði á Nesjavöllum stækkar úr 315 ha í um 430 ha á kostnað óbyggðs svæðis. Jafnframt leiðréttist staðsetning efnistökusvæðis.
2. Gert er ráð fyrir lagningu 145 kv jarðstrengs, Nesjavallalínu 2, frá tengivirki við Nesjavallavirkjun og að mestu meðfram Nesjavallavegi að aðveitustöð Landsnets á Geithálsi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 svo og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hefur Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. janúar 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.